

Erindisbréf fyrir velferðarnefnd Sveitarfélagsins Árborgar

I. Kafli Umboð og hlutverk

1. gr.

Velferðarnefnd Sveitarfélagsins Árborgar er skipuð af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar og fer hún í umboði bæjarstjórnar með stjórn á framkvæmd velferðarþjónustu í sveitarfélaginu eins og nánar er kveðið á um í erindibréfi þessu. Nefndin er á fjölskyldusviði Árborgar.

2. gr.

Velferðarnefnd Sveitarfélagsins Árborgar er skipuð fimm fulltrúum og jafn mörgum til vara, auk þess sem áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi taka sæti í nefndinni í samræmi við 42. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar þegar við á. Skipun fulltrúa miðast við kjörtímabil bæjarstjórnar og lýkur þegar nýkjörin sveitarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í stað þeirrar fyrri. Á tímabilinu eftir kosningar eru valdheimildir nefndarinnar þó takmarkaðar sbr. 12. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga. Í upphafi kjörtímabils nýrrar bæjarstjórnar kýs bæjarstjórn formann en á fyrsta fundi nefndarinnar fer fram kjör varaformanns.

3. gr.

Undir verksvið velferðarnefndar falla m.a.: félagsleg ráðgjöf og stuðningsþjónusta, þjónusta við aldraða, fatlaða og flóttafólk. Einnig fellur undir verksvið nefndarinnar fjárhagsaðstoð, húsnæðismál þ.m.t. úthlutun á íbúðarhúsnæði í eigu sveitarfélagsins og afgreiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings. Þá fer velferðarnefnd með yfirstjórn barnaverndarþjónustu í umboði sveitarstjórnar sbr. 12. gr. barnaverndarlaga. Velferðarnefnd starfar eftir þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru hverju sinni fyrir þessa málaflokka.

4. gr.

Velferðarnefnd hefur endanlegt ákvörðunarvald og tekur endanlegar stjórnvaldákvarðanir í málefnum er varða einstaklinga, að því marki sem nefndinni er falið slíkt vald til fullnaðarafgreiðslu skv. samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins, og að því gefnu að vald til fullnaðarafgreiðslu máls sé ekki falið einstökum starfsmanni samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar. Aðrar ákvarðanir, sem ekki varða einstaka aðila, taka formlega gildi við samhljóða staðfestingu bæjarráðs en að öðrum kosti sem staðfestingu bæjarstjórnar. Velferðarnefnd skal vinna á grundvelli starfsmannastefnu Árborgar og þeirra almennu markmiða sem bæjarstjórn setur hverju sinni. Sérstaklega er vísað til viðauka 1.4. með samþykktum sveitarfélagsins um fullnaðarafgreiðslu mála hjá velferðarnefnd, sem og viðauka 1.14. um fullnaðarafgreiðsluheimild mála hjá velferðarþjónustu.

II. Kafli Starfsmenn, fundir og starfshættir

5. gr.

Deildarstjóri velferðarþjónustu Árborgar er starfsmaður velferðarnefndar og ber hann ábyrgð á samþykktum og ákvörðunum nefndarinnar sé hrint í framkvæmd. Hann undirbýr og situr fundi nefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Á fundi nefndarinnar er heimilt að kalla til aðra s.s. starfsmenn velferðarþjónustu, eftir því sem þurfa þykir og/eða þegar fjallað er um mál sem viðkomandi starfsmaður hefur þekkingu á.

6. gr.

Deildarstjóri velferðarþjónustu boðar fundi velferðarnefndar í samráði við formann nefndarinnar. Nefndin heldur fundi að jafnaði á sex vikna fresti. Skylt er að boða til fundar ef meirihluti aðalmanna í velferðarnefnd gerir kröfur til þess að skriflegum hætti til deildarstjóra velferðarþjónustu.

7. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólahringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Að jafnaði skal boðað til fundar með skriflegu fundarboði og því skal fylgja afrit þeirra gagna og erinda sem til umfjöllunar eru. Ef gögn eða erindi innihalda trúnaðarupplýsingar eða aðrar viðkvæmar upplýsingar getur deildarstjóri velferðarþjónustu ákveðið að afrit gagnanna fylgi ekki fundarboði heldur að nefndarmenn komi á skrifstofu velferðarþjónustu og kynni sér efni gagnanna þar. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar velferðarnefndar getur fyrirvari um fundarboð nefndarinnar verið skemmri.

8. gr.

Velferðarnefnd getur enga samninga undirritað, samþykkt eða ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Nefndarmaður hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða náíð skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilvikum víkja af fundi. Um hæfi nefndarmanna fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga um hæfi og eftir atvikum ákvæðum stjórnsýslulaga. Þeir sem sitja fundi velferðarnefndar skulu gæta fyllsta trúnaðar um öll mál er rædd eru á fundum. Þagnarskylda gildir áfram þó látið sé af störfum.

9. gr.

Rita skal fundargerð nefndarinnar í sérstaka fundargerðabók eða tölvuskrár þær skv. þeim reglum sem bæjarstjórn setur. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundirnir eru haldnir og hvenær þeim er slitið. Allar tillögur sem fram eru bornar á fundum skulu skráðar í fundargerð, sama gildi um samþykktir og ályktanir velferðarnefndar. Allir sem viðstaddir eru fundi skulu undirrita fundargerð. Öll trúnaðarmál skulu færð í sérstaka trúnaðarbók og skal þess getið í fundargerðabók ef mál eru skráð í hana. Fundargerðarbók, afrit af skýrslum, sendibréfum og skjölum velferðarnefndar, lög, reglugerðir er varða nefndina svo og erindisbréf skulu vera tiltæk í Ráðhúsi Árborgar fyrir nefndarmenn. Deildarstjóri velferðarþjónustu, fulltrúar í velferðarnefnd og aðrir starfsmenn velferðarþjónustu skulu varðveita málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga og önnur trúnaðargögn með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi geti ekki fengið aðgang að þeim gögnum.

III. Kafli

Markmið og verkaskipting

10. gr.

Markmið velferðarþjónustu er að stuðla að fjárhagslegu og félagslegu öryggi íbúa og stuðla að velferð þeirra. Lögð skal áhersla á hjálp til sjálfshjálpar og hvers konar aðgerðir sem sporna gegn fjárhagslegum og félagslegum vandamálum. Velferðarnefnd skal í störfum sínum gæta þess að hafa góða vitneskju um félagslegar þarfir íbúa og vinna að málum þeirra út frá heildarsýn á félagslegum aðstæðum þeirra.

11. gr.

Velferðarnefnd skal eiga frumkvæði að eflingu velferðarþjónustu í Árborg, marka stefnu og skipuleggur og samræmir starfseminna.

Velferðarnefnd;

- setur reglur um hina ýmsu þjónustubætti sviðsins
- gerir áætlun um þörf velferðarþjónustu fyrir starfsfólk og menntun þess
- skipar undirnefndir til að annast tiltekin verkefni og setur þeim erindisbréf
- fer eftir atvikum með endanlegt ákvörðunarvald vegna umsókna einstaklinga

12. gr.

Deildarstjóri velferðarþjónustu er forstöðumaður velferðarþjónustu og hefur yfirumsjón með daglegum rekstri velferðarþjónustu og þeirra málaflokka er undir velferðarnefnd heyrir. Hann skal starfa samkvæmt samþykktum nefndarinnar og innan ramma fjárhagsáætlunar hverju sinni.

13. gr.

Velferðarþjónusta Árborgar skal í umboði velferðarnefndar annast eftirlit verkefna í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hverju sinni:

- að gera áætlanir um uppbyggingu velferðarþjónustu og vera ráðgefandi fyrir velferðarnefnd og bæjarstjórn í málefnum hennar
- koma að vinnu við fjárhagsáætlun vegna velferðarþjónustu og hafa eftirlit með útgjöldum
- að taka ákvarðanir í málefnum einstaklinga og fjölskyldna í samræmi við reglur sem velferðarnefnd setur, að því marki sem slík ákvarðanatöku heyrir undir nefndina
- að halda til haga upplýsingum um þá þjónustu sem veitt er og gera ársskýrslur um hana
- að vera velferðarnefnd, bæjarstjórn og stofnunum sveitarfélagsins til ráðgjafar í málefnum er heyrir undir velferðarþjónustu.

14. gr.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst í þágu allra íbúa sveitarfélagsins sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum hvort heldur er í sínum eigin eða einstakra hópa.

IV. Kafli
Þagnarskylda

15. gr.

Þagnarskylda er lögð á herðar þeim sem fengið hafa vitneskju um einkahagi einstaklinga, vegna starfa sinna á eða fyrir velferðarþjónustu eða nefnda og ráða á vegum þess. Starfsmenn og nefndarmenn skulu undirrita drengskapsheit um þagnarskyldu. Þagnarskyldan helst eftir að starfsmenn hætta störfum. Deildarstjóri velferðarþjónustu skal annast um að slík heit séu undirrituð.

V. Kafli
Gildistaka

16. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar nr. 813/2018 með síðari breytingum.

Erindibréf þetta var samþykkt í bæjarstjórn Árborgar XXX 2026

Bragi Bjarnason, bæjarstjóri